




Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Miðbær Hafnar



Sveitarfélagið
Hornafjörður



Skýringar	
[IB3]	Svæði sem breytingum tekur
[IB2]	Íbúðarbyggð [le]
[IB1]	Miðsvæði [u]
[IB2]	Verslun og þjónustu [ve]
[IB1]	Samfélagsþjónusta [s]
[M1]	Athafnasvæði [A1]
[AT1]	Efnistíku og efnisolusarsvæði [e]
[S1]	Fristundabýggð [r]
[Vb6]	Aflþreyingar- og ferðamannasvæði [Af]
[ST1]	þróttasvæði [e]
[Mikle]	Opin svæði [op]
[H]	Flugvellar [fv]
[OP1]	Hafnir [H]
	Vötn, ár og sjór [v]
	Strandsvæði [sr]
	Önnur náttúruverum [on] númer visar til skráningar
	Stofnvegir
	Tengivegir
	Aðrir vegir
	Hjóreiða, göngu- og reidstigar
	Rafvelta
	Fjarskipti
	Ljósleðan
	Fröldist svæði [rs]
	Hverfisvernd [hv]

Innaanar

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar leggur til að breyting verði gerð á gildandi aðalskipulagi sem felur í sér að miðsvæði á Höfn (M1) staekkar og Heppuvegur 5 og hluti lóðarinnar Heppuvegar 6 verða á miðsvæði í stað athafnasvæðis. Markmið með aðalskipulagsbreytingunni er að breyta landnotkun úr athafnasvæði yfir í miðsvæði fyrir Heppuveg 5 og hluta Heppuvegar 6 sem notað hefur verið sem sláturhús og starfsemi tengdir því. Með breyttri landnotkun verður heimilt að hafa á lóðunum matvælaframleiðslu/íðnaðarframleiðslu, veitingasölu og listsýningar auch íbúða.

Fyrirliggjandi stefna

Breytingin er í samræmi við stefnu sem sett er fram í gildandi aðalskipulagi um miðbæjarsvæði en þar segir að við skipulag og byggingu svæðisins skal leggja áherslu á að styrkja heildaryfirbragð byggðarinnar, fylla í bæjarmyndina svo hún verði samfelld.

Með breytingunni staekkar samfellt miðbæjarsvæði Hafnar og byggingum sem ekki bjóna lengur upphaflegum tilgangi breytt á þann hátt að það eykur fjölbreytni og styrkir menningarlf sveitarfélagsins.

Deiliskipulag

Heppuvegur 6 er innan deiliskipulags frá 2013 sem heitir Hafnarsvæðið við Krossey. Heppuvegur 5 er á deiliskipulagi frá 2011 sem heitir Hafnarvík – Heppa – Höfn.

Breyting á aðalskipulaginu hefur ekki í för með sér kröfum breytingu deiliskipulaganna og verða deiliskipulögum áfram í samræmi við aðalskipulag.

Fornminjar

Skráning fornminja og húsa hefur ekki farið fram á öllu svæðinu sem breytingum tekur en líklegt er að þar sé að finna fornminjar.

Breyting á aðalskipulagi

Gerð er breyting á þéttbýlisupprætti Höfn/Nesjahverfi og greinargerð aðalskipulagsins.

Á aðalskipulagsupprætti er athafnasvæðið AT1 minnkað en miðsvæðið M1 staekkað. Staekkunin nemur um 0,5 ha.

Í greinargerð kafla 15 Miðsvæði (M) baetist við eftirfarandi texti:

Við Heppuveg er gert ráð fyrir að núverandi húsnæði verði breytt og þar verði heimilt að hafa matvæla-/íðnaðarframleiðslu, veitingasölu og listsýningar auch íbúða. Matvæla-/íðnaðarframleiðsla skal ekki vera mengandi og samrýmast miðbæjarstarfsemi. Skrá skal fornminjar fyrir jarðrask og skoda varðveislugildi húsa áður en byggingar-eða framkvæmdarleyfi er gefið út.

Umhverfisáhrif

Breyting á aðalskipulagi vegna miðsvæðis felur ekki í sér framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og fellur því ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Breytingin mun ekki hafa í för með sér nein umhverfisáhrif umfram það sem nú er.


Málsmeðferð og umsagnir

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Skipulagslysingin var kynnt í júní 2021 og bárust umsagnir frá Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands og HNE.


Við vinnslu aðalskipulagsbreytingarinnar hefur verið tekið tillit til umsagna eftir því sem við á.

Breytingar eftir auglýsingu

Bætt var við texta undir kaflanum „Breyting á aðalskipulagi“ um að matvæla-/íðnaðarframleiðsla skuli ekki vera mengandi og samræmast miðbæjarstarfsemi.



Aðalskipulagsbreyting bessi var staðfest af Skipulagsstofnum þann



28. janúar 2022

EFLA

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030
Miðbær Hafnar
Breyting að aðalskipulagi

VERK:	BLADSTÆRD:	UNNID:	RÝNT:
2525-020	A3	AB	ANB

MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:
1:15.000	20.07.2021	10.11.2021

SAMÞYKKT: